



## 7. Fundur æskulýðs- og tómstundanevndar

Fundur æskulýðs- og tómstundarráðs miðvikudaginn 19.09.2007, kl 18:00. Mæting samkvæmt undirskriftum

### 1. Kosning formanns.

Sunna Gestsdóttir kjörin formaður. Þórhallur Barðason varaformaður.

### 2. Forvarnarmál, samstarfssamningur lögreglu og sveitafélaga.

Farið var yfir drög frá ríkislögreglustjóra um samstarf lögreglu og sveitarfélaga. Markmiðið að auka samstarf lögreglu og sveitafélaga enn frekar frá og með árinu 2008.

### 3. Frístundarkort.

Teljum að ekki sé tímabært að taka upp frístundarkort að svo stöddu. Nefndin leggur til að í stað þess að taka upp frístundarkort, verði skoðað hvort Blönduósbær styrki frekar ýmiskonar tómstundanámskeið. Vísað til bæjarráðs til afgreiðslu.

### 4. Aldurstakmörk á opinberum skemmtunum og áfengismál.

Farið var yfir áfengislög nr. 75/1998. Misbrestur á að á að nokkrum ákvæðum sé framfylgt á skemmtistöðum. Erindi vísað til forvarnarhóps til frekari skoðunar.

### 5. Æskulýðsstarf og samstarf við nágrannasveitafélög.

Æskilegt að efla samstarf við nágrannasveitafélög um íþrótt- og tómstundastarf til þess að stuðla að fjölbreytni. Nefndin skorar á USAH að taka þessi mál til alvarlegrar skoðunar.

### 6. Önnur mál.

Umsóknir um styrki. Æskulýðs- og tómstundarnefnd taki að sér að yfirfara umsóknir félaga um styrki til íþrótt- og tómstundastarfs.

Kannað verði með áhuga eldri borgara á að nýta sér aðstöðu í Íþróttahúsinu á Blönduósi.

Fundi slitið kl. 19:20

Sunna Gestsdóttir, formaður  
Erna Björg Jónmundsdóttir  
Þórhallur Barðason  
Jón Örn Stefánsson  
Rannveig Bjarnadóttir